

Mánudaginn 2. apríl 1973.

Nr. 38/1973: **Innheimtumaður ríkissjóðs
í Hafnarfirði**
gegn
H/f Raftækjaverksmiðjunni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Priðjudaginn 3. apríl 1973.

Nr. 77/1972: **Bjarni Þorvarðsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hans Sigurgeirssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samningsslit.

Dómur Hæstaréttar:

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. maí s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum máls taldi stefndi, að áfrýjandi og aðrir bændur í vesturhluta Kjalarneshrepps hefðu vorið 1969 samþykkt hækkun á greiðslu fyrir mjólkurflutninga þá, sem

málið fjallar um, úr 75 aurum í 1 krónu á lítra og tæki hækkunin gildi 1. júní 1969. Sýnir málsreifun hans í öndverðu og kröfur hans á hendur áfrýjanda og öðrum bændum ótvírætt þetta viðhorf hans og að hann hafi haldið þessu til streitu á fundi þeim, er bændurnir og stefndu áttu með sér 31. maí 1969. Gegn andmælum áfrýjanda er ósönnuð sú staðhæfing stefnda, að áfrýjandi og aðrir bændur, er skiptu við hann, hafi samþykkt framangreinda hækkun.

Samkvæmt fundargerð, er fyrir liggur í málinu, urðu þau málalok á fundinum 31. maí 1969, að stefndi hafnaði gagn-tilboði bænda, er fól í sér nokkra hækkun á greiðslu fyrir mjólkurflutninga þá, sem stefndi hafði annazt fyrir bændur á þriðja ár þá að undanfögnu. Fundargerðin ber með sér, að samningsskiptum bændanna og stefnda út af mjólkurflutningum hafi endanlega lokið með þessum fundi, og tók nafngreindur bifreiðarstjóri við þeim næsta dag. Viðbrögð stefnda verða eigi skilin svo, að hann hafi verið viðbúinn að halda áfram mjólkurflutningum fyrir áfrýjanda og aðra bændur júnímánuð 1969 eða lengur við þeim samningskjörum, er giltu undanfarið í samskiptum þeirra áfrýjanda, eða við öðrum þeim kjörum, er áfrýjandi bauð. Á fyrrgreindum fundi lýsti stefndi því eigi afdráttarlaust, að hann teldi sér bera uppsagnarfrest vegna samningsskipta aðilja, er í málinu greinir, en kröfu út af uppsagnarfresti hafði stefndi uppi, svo að sannað sé, í bréfi til áfrýjanda og annarra bænda 17. júlí 1969. Var brún þörf á því, að stefndi markaði skýrlega afstöðu sína um uppsagnarfrest þegar á fundinum 31. maí 1969, svo sem samningsstöðu aðiljanna var háttað. Þar sem máli er svo farið, þykir stefndi eigi geta sótt áfrýjanda um umkrafðar fégreiðslur vegna slita á samningi þeirra um mjólkurflutninga. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls kr. 15.000.00.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Bjarni Þorvarðsson, skal sýkn af kröfum stefnda, Hans Sigurgeirssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu

17. desember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hans Sigurgeirsson bifreiðarstjóri, Holtagerði 18, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 14. apríl 1970, á hendur Bjarna Þorvarðssyni oddvita, Bakka, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. h. Bakkabúsins til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 9.295.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Málavextir eru þeir, að í marzbyrjun 1967 tók stefnandi að sér að annast mjólkurflutninga til Reykjavíkur fyrir bændur á Kjalarnesi. Til flutninganna notaði hann eigin bifreið, og voru honum upphaflega greiddir 60 aurar á hvern lítra mjólkur í flutningsgjald. Um var að ræða flutning mjólkur fyrir sjö bændur í vestanverðum Kjalarneshreppi, og var stefndi einn þeirra. Bændurnir sömdu sameiginlega við stefnanda, og kveður stefnandi þá Pál Ólafsson hreppstjóra í Brautarholti, og Skúla Geirsson í Hjarðarnesi hafa verið umboðsmenn bændanna í samningum við sig. Upplýst er, að enginn skriflegur samningur var gerður, og um efni upphaflegs samnings er lítið annað upplýst en það, hver greiðsla til stefnanda átti að vera af hverjum mjólkurlítra. Stefnandi telur það hafa borizt í tal við samningsgerðina, að flutningsgjald af mjólk af Kjalarnesi og úr Kjós hefði fylgzt að, en ekki er upplýst, hvort það var hluti af samningi aðiljanna, er hann var upphaflega gerður. Stefnandi telur, að ástæðan fyrir því, að flutningsgjald af Kjalarnesi var ákveðið hið sama og úr Kjós, þótt þar sé um nokkuð lengri flutningaleið að ræða, hafi verið sú, að mjólkkin hafi verið sótt heim á bæi á Kjalarnesi, en tekin við þjóðveg í Kjós.

Um breytingar á samningi aðiljanna er það upplýst, að einhvern tíma á því tímabili, sem stefnandi annaðist flutningana, líklega á árinu 1968, samþykktu viðkomandi bændur, að flutningsgjaldið hækkaði í 65 aura á lítra. Stefnandi kveður þetta hafa gerzt, nokkru eftir að Kjósverjar hækkuðu flutningsgjald í þá fjárhæð, og hafi hækkunin tekið gildi frá þeim tíma, sem hún var sam-

þykkt, en ekki miðast við þann tíma, er hún tók gildi í Kjósinni.

Þá er það upplýst, að einhvern tíma meðan stefnandi annaðist mjólkurflutningana, varð að samkomulagi, að hann sleppti tveim ferðum í viku yfir vetrartímann, og í ársbyrjun 1968 sleppti stefnandi þriðju ferðinni í viku síðari hluta vetrar. Stefndi kveðst hafa rætt þetta við stefnanda, en það hafi orðið úr, að hann léti þetta óátalið.

Snemma árs 1969 hækkuðu Kjósverjar flutningsgjaldið í eina krónu á lítra, og fór þá stefnandi fram á sömu hækkun. Stefnandi telur sig hafa rætt þetta við bændurna, þar á meðal stefnda, hafi hann sagt að sér fyndist þetta sanngjarnt. Við þetta hefur stefndi ekki viljað kannast. Hann kveður stefnanda hafa rætt þetta við sig, en kveðst hafa mótmælt því, að hann fengi svo mikla hækkun, en hins vegar ekki því, að stefnandi fengi einhverja hækkun.

Um þetta hefur Tryggvi Stefánsson, einn þeirra bænda, er stefnandi annaðist mjólkurflutninga fyrir, einnig tjáð sig og skýrt svo frá, að stefnandi hafi rætt við sig um, að hann þyrfti að fá hækkun á flutningsgjaldinu. Í maímánuði kveðst Tryggvi hafa spurt hann, hvað hann þyrfti að fá í flutningsgjald, og hafi stefnandi þá nefnt eina krónu á lítra. Tryggvi kvaðst þá hafa sagt, að frá því yrði ekki gengið nema á fundi, en hann kvaðst hvorki hafa lagzt gegn þessu né samþykkt það.

Vitnið Guðbjartur Hólm, einn þeirra bænda, er stefnandi flutti mjólk fyrir, hefur skýrt svo frá, að er stefnandi ræddi þetta við hann, hafi hann talið eðlilegt, að fundur yrði haldinn um málið, en er ekkert fundarboð barzt, kvaðst vitnið hafa tjáð stefnanda, að hann gæti samþykkt þessa hækkun og þyrfti engan fund sín vegna. Það er upplýst, að um 20. maí 1969 setti stefnandi bifreið sína á verkstæði til lagfæringar og viðhalds, en fékk annan bifreiðarstjóra til þess að annast mjólkurflutningana á sinn kostnað á meðan. Hann telur sig hafa gert þetta oft, er hann gat ekki farið ferðirnar sjálfur, þótt greiðslur til hans fyrir þá daga nægðu engan veginn til að greiða leigubíla. Þetta kveðst stefnandi hafa gert í samræmi við þá skoðun sína, að bindandi samningur væri milli sín og bændanna um þessa flutninga, sem hvorki hann né þeir gætu sagt upp fyrirvaralaust. Er viðgerðinni á bifreið stefnanda lauk í endaðan maí 1969, og hann hóf flutningana á ný, kveðst hann hafa frétt, að bændurnir hefðu fengið tilboð í flutningana, sem þeir töldu sér hagstæðara en einnar krónu gjaldið, sem hann taldi sig þá búinn að fá samþykkt. Bændurnir skýrðu

stefnanda frá þessu nýja tilboði, og að kvöldi hins 31. maí var fundur haldinn um málið. Á fundinum lögðu bændurnir fast að stefnanda að ganga inn í tilboð það, er þeir höfðu fengið, en það var þess efnis, að flutningsgjaldið yrði 75 aurar á lítra miðað við þjóðveg, en auk þess 500 króna þóknun á mánuði fyrir að fara heim á bæi til að sækja mjólkina, og átti bifreiðarstjórinn að innheimta það gjald beint frá bændum, en að öðru leyti var sá háttur hafður á þann tíma, er stefnandi ók mjólkinni, að Mjólkurstöðin í Reykjavík hafði milligöngu um greiðslu flutningsgjaldsins.

Stefnandi hafnaði þessu tilboði, en gerði gagntilboð þess efnis, að greiðslan yrði 90 aurar á lítra og mjólkinn sótt heim á bæina. Því tilboði var hafnað af hálfu bændanna, og hætti stefnandi þá störfum um mánaðamótin maí—júní.

Dómkröfur stefnanda eru á því byggðar, að hann hafi átt rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti, og er stefnufjárhæðin í máli þessu þannig fundin, að lagður er til grundvallar sá lítrarfjöldi mjólkur, er stefndi lagði inn í Mjólkurstöðina í Reykjavík í júnímánuði 1969 og krafðizt einnar krónu greiðslu úr hendi stefnda fyrir hvern mjólkurlíttra, þ. e. stefnandi krefst þeirrar fjárhæðar úr hendi stefnda, er hann hefði fengið, ef hann hefði haldið áfram mjólkurflutningunum og fengið eina krónu í flutningsgjald af hverjum lítra.

Kröfu sína rökstyður stefnandi með því, að í íslenskum rétti sé greinileg tilhneiging til að líta á bifreiðarstjóra, sem eður eigin bifreið í þjónustu annarra, sem launþega, en ekki sem verktaka. Þetta telur hann m. a. koma fram í lögum nr. 15 frá 1931 um viðauka við lög nr. 28/1930 um greiðslu kaups, og enn fremur telur stefnandi, að framkvæmd laga nr. 29 frá 1956 um atvinnuleysistryggingar sé með þeim hætti, að sjálfseignarbílstjórar, sem aka t. d. hjá Reykjavíkurborg, fái greiddar atvinnuleysisbætur þann tíma árs, sem vinna dregst saman og þeir eru frá störfum af þeim sökum.

Þá er það skoðun stefnanda, að þótt lög nr. 16 frá 1958 taki ekki beint til þeirra, sem eins er ástatt um og stefnanda í máli þessu, en hann fékk laun sín greidd mánaðarlega, þá verði það að teljast í framkvæmd algild regla, að þeir, sem taka mánaðarlaun eigi a. m. k. eins mánaðar uppsagnarfrest, og ætti þá ekki að skipta máli, hvort um föst laun eða ákvæðisvinnu er að tefla. Í lögum nr. 16 frá 1958 komi fram, að löggjafinn telji, að vinnu-

samband, sem staðið hefur eitt ár, sé orðið fast, þ. e. eftir þann tíma sé litið á launþegann sem fastan starfsmann.

Stefnandi telur því, að samkvæmt meginstefnu íslenzks réttar á þessu sviði verði að líta svo á, að stefnandi hafi verið fastur starfsmaður bændanna í Kjalarneshreppi, sem hann annaðist mjólkurflutninga fyrir, og að hann hafi af þeim sökum átt skýlausan rétt á a. m. k. eins mánaðar uppsagnarfresti. Það, að hann lagði sér sjálfur til farartæki til flutninganna, skeri hér ekki úr, það geri ýmsir launþegar, svo sem húsasmiðir og múrarar, er leggi sér til verkfæri. Hitt sé meginatriðið, að samningur aðiljanna hafi í eðli sínu verið vinnusamningur. Það lýsi sér fyrst og fremst í því, að þarna hafi ekki verið um að ræða fast afmarkað verkefni, sem ljúka hafi átt innan ákveðinna tímamarka, heldur flutning á þeirri mjólk, sem til félli dag hvern um óákveðið tímabil.

Þá bendir stefnandi í öðru lagi á, að vinnutími sinn hafi verið í næsta föstum skorðum gagnstætt því, er tíðkist um verktaka, sem yfirleitt hafi mjög frjálssar hendur um slíkt, og í þriðja lagi hafi verið um að ræða mánaðarlega launagreiðslu mælda eftir flutningum í hverjum mánuði, en ekki fastar fyrirfram ákveðnar greiðslur upp í verk.

Stefnandi byggir þannig kröfur sínar á því, að hann hafi í umræddu tilviki verið launþegi, sem átti rétt á a. m. k. eins mánaðar uppsagnarfresti, og beri því stefnda að greiða stefnanda eins mánaðar laun vegna uppsagnar, sem verið hafi fyrirvaralaus og verði ekki réttlætt. Stefnandi hafi annazt flutningana frá 1. marz 1967 til 31. maí 1969, eða nokkuð á þriðja ár. Ekkert sé fram komið, er bendi í þá átt, að stefnandi hafi brotið af sér í starfi nema fullyrðing stefnda um, að hann hafi án samþykkis aðilja fækkað ferðum síðari hluta vetrar 1968, en stefndi hafi fyrir dómi viðurkennt, að hann hafi látið þetta óátalið, og að í máli þessu komi fram, að bændurnir hafi ekki notað þetta atriði sem ástæðu fyrir uppsögninni. Þá sé óumdeilt, að stefnandi hafi verið látinn hætta störfum fyrirvararlaust.

Af hálfu stefnda er því aðallega haldið fram, að stefnandi hafi engan uppsagnarfrest átt, og til vara, að stefnanda hafi aldrei tekizt að ná samningum um hærra gjald en 75 aura á lítra. Stefndi rökstyður þessi sjónarmið m. a. með því, að stefnandi hafi verið sjálfseignarbifreiðarstjóri og sem slíkur þátttakandi í sendibifreiðastöð í Reykjavík. Hann hafi því verið sinn eigin húsbóndi og atvinnurekandi og innan þeirra marka, sem segja til um lág-

marksgjald miðað við vegalengd og tíma samkvæmt samkomulagi slíkra bifreiðarstjóra innbyrðis, hafi honum að líkindum verið frjálst að taka að sér akstur í ákvæðisvinnu. Samningur aðiljanna um mjólkurflutningana hafi verið verksamningur, en ekki vinnusamningur.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi raunverulega verið búinn að segja upp eða rifta hinum ótímabundna samningi. Flutningsgjald úr Kjós hafi í janúar 1969 hækkað og mjög skömmu síðar hafi stefnandi farið að ræða hækkun við bændurna samkvæmt framburði hans hér fyrir dómnum. Stefnandi hafi því raunverulega verið búinn að tilkynna allmörgum mánuðum áður en hann lét af störfum, að hann mundi ekki halda áfram flutningum, nema nýir samningar tækjust. Raunar hafi slík uppsögn verið með öllu óþörf, þar sem samningi aðiljanna hafi verið þannig háttað, að stefnandi hafi verið ráðinn ótímabundið og báðir aðiljar litið svo á, að stefnandi gæti hætt akstrinum, hvenær sem honum þóknaðist, enda verði það að teljast eðlileg túlkun á réttarsambandi aðiljanna.

Varðandi fjárhæð flutningsgjaldsins er því alfarið mótmælt af hálfu stefnda, að bændurnir hafi hver um sig verið búnir að semja um það við stefnanda, að hann fengi greidda eina krónu á lítra. Því er haldið fram, að svör þeirra hafi verið á þá leið, að slíkt yrði ekki afgreitt nema á sameiginlegum fundi þeirra, og í því sambandi er á það bent, að það hafi verið skilyrði Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík fyrir því að sjá um útborgun á flutningskostnaði, að hann væri hinn sami fyrir alla viðkomandi bændur, enda hefði annað verið næstum óframkvæmanlegt bókhaldslega séð fyrir Mjólkurstöðina. Stefnanda hafi verið mæta vel um þetta kunnugt af fyrri reynslu og kunnugleika á mjólkurflutningum og þá jafnframt það, að verðinu yrði því aðeins hreyft, að það yrði samþykkt á sameiginlegum fundi mjólkurframleiðenda og tilkynnt Mjólkurstöðinni í Reykjavík sem sameiginleg ákvörðun allra hlutaðeigenda.

Loks bendir stefndi á, að á fundinum hinn 31. maí hafi stefndi gert gagntilboð um 90 aura flutningsgjald á lítra. Þetta sýni, að honum hafi verið ljóst, að verið var að reyna að semja um málið að nýju, en í því felist viðurkenning hans annars vegar á því, að eigi væri kominn á samningur á annað og herra gjald, og hins vegar á því, að fyrri samningur væri úr gildi genginn.

Það er álit réttarins, að sú þjónusta, er stefnandi innti af hendi í þágu stefnda, hafi verið þess eðlis, að hann eigi með tilliti til

þess, sem fram er komið um innihald samnings aðiljanna og eðli starfsins, rétt til þess uppsagnarfrests, sem málssókn þessi er grundvölluð á.

Eigi verður á þá skoðun stefnda fallizt, að samningur aðiljanna hafi verið úr gildi genginn sakir uppsagnar eða riftunar. Á hinn bóginn hefur stefnanda ekki tekizt að sanna, að bindandi samningur um hærra flutningsgjald en 75 aura hafi komizt á.

Það er því niðurstaða dómsins, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 6.971.25 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar, og er þá m. a. haft í huga, að tæpast hefði komið til málssóknar þessarar, ef stefnandi hefði hlutazt til um, að tryggilega væri gengið frá samningum aðiljanna þegar í upphafi.

Már Pétursson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Þorvarðsson, Bakka, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. h. Bakkabúsins, greiði stefnanda, Hans Sigurgeirsyni, Holtagerði 18, Kópavogi, kr. 6.971.25 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.
